



Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
Sími: 581 3855
Bréfasími: 568 0055
Netfang: hti@hti.is
www.hti.is

Heyrnarmælingar á nýburum



Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Hvað segja niðurstöður heyrnarmælinganna?


Í langflestum tilfellum eru niðurstöður OAE-mælinganna fullnægjandi sem þýðir að barnið hefur að öllum líkindum eðlilega heyrn.

Ef niðurstöður mælinganna eru ófullnægjandi á öðru eða báðum eyrum er barninu vísað til Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands. Tilvisunin þarf ekki að þýða að barnið sé heyrnarskert og eins og áður greinir er ýmislegt sem getur komið í veg fyrir að hægt sé að ná mælingu. Á Heyrnar- og talmeinstöðinni er mælingin endurtekin og í vissum tilvikum eru einnig gerðar aðrar mælingar. Þessi skoðun tekur nokkuð lengri tíma en veitir nákvæmari upplýsingar um heyrn barnsins.

Börn geta fengið heyrnarskerðingu síðar, til dæmis tímabundna, oftast er það vegna vökva í miðeyra sem oft hverfur sjálfkrafa eða hann er fjarlægður. Ef í ljós kemur síðar að barn á við heyrnarörðugleika að stríða er mikilvægt að snúa sér til Heyrnar- og talmeinstöðvarinnar.

Nánari upplýsingar

Ef óskað er eftir ítarlegri upplýsingum um heyrnarmælingar á nýburum má hafa samband við Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu stöðvarinnar, www.hti.is.



Hönnun: PR | Gjöf er í | Útséan: Kristján Maack • Prentun: Svaneprint



Ágætu foreldrar

Góð heyrn er mikilvæg forsenda fyrir þroska barna, ekki síst málþroska þeirra. Með heyrninni skynja þau blæbrigði talaðs máls, læra málið og notkun þess. Börn nema einnig ýmiss konar hljóð sem hjálpa þeim að kynna umhverfinu. Heyrnin er ekki eingöngu skynfæri heldur einn þeirra þátta sem móta barnið, persónuleika þess og atferli.

Innra eyrað er fullþroskað tveimur og hálfum mánuði fyrir fæðingu. Í móðurkviði heyrir barnið og bregst við hljóðum bæði inni í líkama móðurinnar og utan hans.

Það er ekki sjálfgefið að hafa eðlilega heyrn – eitt til tvö börn af hverjum 1000 fæðast með heyrnarskerðingu sem hindrar eða tefur málþroska.



Í lok árs 2006 fór af stað tveggja ára samstarfsverkefni Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og Landspítala - háskólasjúkrahúss þar sem öll börn sem fæðast á sjúkrahúsinu eru heyrnarmæld. Börn sem fæðast annars staðar eru velkomin til heyrnarmælingar á Heyrnar- og talmeinastöðinni. Vinsamlegast pantið tíma.

Hvers vegna að heyrnarmæla nýbura?

Eigi barn að hafa möguleika á eðlilegum málþroska er mikilvægt að heyrnarskerðingin greinist sem fyrst, helst áður en barnið hefur náð sex mánaða aldri. Rannsóknir hafa sýnt að fyrsta aldursárið er mikilvægt þroskatímabil þegar kemur að máltöku barna. Það er mjög erfitt að skynja eða geta sér til um hvort lítið barn er með skerta heyrn. Þess vegna greinist heyrnarskerðing hjá börnum oft seint, jafnvel ekki fyrr en á fjórða aldursári. Í flestum tilfellum eru foreldrar heyrnarskertra barna eðlilega heyrandi.

Því fyrr sem heyrnarskerðingin greinist, þeim mun meiri möguleikar eru á því að hjálpa barninu og auka þannig líkurnar á eðlilegum málþroska. Hjálpin felst oftast í ráðgjöf til fjölskyldu barnsins, heyrnartæki og þjálfun hjá talmeinafræðingi.

Í dag eru til einfaldar og áreiðanlegar aðferðir til að heyrnarmæla aðeins nokkurra daga gömul börn. Mælingarnar taka stuttan tíma og eru algjörlega sársauka- og áhættulausar fyrir barnið.



Hvar og hvenær fer heyrnarmælingin fram?

Heyrnarmælingin fer fram um leið og læknisskoðun, á fimmta degi frá fæðingu barnsins. Mælingin tekur stuttan tíma og hægt er að framkvæma hana meðan barnið sefur. Hún er á engan hátt óþægileg fyrir barnið og foreldrar eru viðstaddir allan tímann. Litlu hlustarstykki er komið fyrir í eyra barnsins. Hljóðmerki er gefið, á styrk sem samsvarar eðlilegum talstyrk. Þegar innra eyra barnsins nemur hljóðið sendir það frá sér svar og með hjálp tölvu er hægt að skrá svarið. Mælingin tekur örfáar mínútur. Aðferðin sem notuð er við mælinguna kallast OAE (Otoacoustic emissions).

Ef svar mælist er það tákn um virkt innra eyra og að öllum líkindum hefur barnið þá eðlilega heyrn. Barnið skynjar hljóðið á svipuðum styrk og tal í návígi.

Fyrir kemur að niðurstöður mælinganna reynast ófullnægjandi. Oftast er það vegna einhvers annars en að barnið sé heyrnarskert. Mögulegar ástæður geta verið fósturfita í hlustinni eða vökví í miðeyranu. Ástæðan getur líka verið tæknilegs eðlis, t.d. bilun í búnaði, of mikil umhverfishljóð eða óróleiki hjá barninu. Best er að barnið sofi á meðan mælingin fer fram, vegna þess að andlits- og soghreyfingar nýfæddra barna gera það að verkum að hlustarstykkið hreyfist í eyranu. OAE-heyrnarmæling krefst hljóðláts umhverfis svo að hún gangi sem best fyrir sig.

Fyrir kemur að ekki er mögulegt að ná fullnægjandi mælingu. Í vissum tilvikum getur það verið vegna þess að barnið er heyrnarskert og því er mikilvægt að mælingin sé endurtekin.

Það er mikilvægt að barnið þitt sé heyrnarmælt vegna þess að:

- ✓ á fyrsta aldursári er heyrnin mjög mikilvæg til að safna upplýsingum sem síðan verða undirstaða málþroska
- ✓ við notum heyrnina til að hafa samskipti við annað fólk og til að staðsetja okkur í rými
- ✓ til eru einfaldar, sársaukalausar og áreiðanlegar aðferðir til að mæla heyrn nýfæddra barna

Hvernig býrð þú barnið best undir heyrnarmælinguna?

Best er að framkvæma mælinguna á meðan barnið sefur. Því er gott að:

- ✓ halda barninu vakandi fram að mælingu
- ✓ gefa barninu að borða og skipta á því rétt fyrir mælingu

